

Nd.

611. Þingsályktun

um endurskoðun á vegalögunum.

(Samþykkt í Nd. 27. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að endurskoða flokkun þá til viðhalds á vegum, sem er í vegalögunum 22. nóv. 1907, og leggja fyrir næsta Alþingi — ef tími vinst til — nýtt frumvarp til vegalaga.
2. Að leita tekjustofna handa sýslunum til að standast kostnað við viðhald á vegum, og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.
3. Að taka til ihugunar, hvort eigi sje tímabært að breyta vegagerðaraðferð á vegum þeim, sem landssjóður kostar að nokkru eða öllu leyti, sjerstaklega, hvort eigi beri að hafa vegina undirgrýtta (»púkkaða«), og leggja fyrir næsta þing skýrslur landsverkfræðings og álit um kostnað við slíka gerð á vegum, samanborið við þá vegagerðaraðferð, sem nú tíðkast, og um haldgæði þeirra, ásamt tillögum landsstjórnarinnar um þetta efni.